

# Brunavarnir Suðurnesja

Hringbraut 125, 230 Keflavík.

Samband um neyðarlínu 112



Reykjanesbær 05.apríl 2017

b/t Kristjana Benediktsdóttir

**Efni: Umsögn um tillögu um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, þingskjal 194 -135 mál**

Ljóst má vera að Landhelgisgæslan býr við ófullnægjandi húsakost og það þarf að fara í talsverðar fjárfestingar til þess að bæta úr þeim vandræðum.

Brunavarnir Suðurnesja b.s. hefur á undandörnum árum verið í góðu samstarfi við Landhelgisgæsluna vegna eftirlits með húsnæði á Ásbrú og ratsjárstöðvum sem staðsettar eru víða um landið.

Brunavarnir Suðurnesja b.s. telur að með flutningi Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar verði betur búið að starfsemi hennar en nú er, þar sem til staðar er allt það húsnæði og hafnarsaðstaða sem þarf til vegna starfsemi hennar.

Brunavarnir Suðurnesja b.s. reka öflugt atvinnuslökkvilið sem sinnir einnig sjúkraflutningum á starfssvæði sínu Brunavarnir Suðurnesja b.s. er reiðubúið til aukins samstarfs við Landhelgisgæsluna um þau verkefni sem á þarf að halda.

Það er álit Brunavarna Suðurnesja b.s. að það væri heillaskref fyrir Landhelgisgæsluna og þjóðina að flytja starfsemina til Reykjanesbæjar.

Með vinsemd og virðingu,

  
Jón Guðlaugsson  
slökkviliðsstjóri B.S.

**Brunavarnir Suðurnesja**  
Samband um varðstofu 421-4748  
Netfang: jong@bs.is